Tillögur frá Árborg til aðalfundar LS 2013

1. Árborg, félag smábátaeigenda á Suðurlandi beinir því til aðalfundar LS að stuðla af öllum mætti að auknum makrílpotti til handfæraveiða og skuli markið sett á 20.000 tonn hið minnsta, enda hafa færabátar sýnt það og sannað á síðustu tveimur árum að afkastagetan í makrílveiðunum er mikil og greinin hefur haft mjög skamman tíma til að byggja upp og þróa veiðarnar. Fundarmenn leggja til að makrílveiðum handfærabáta verði áfram stjórnað með heildarpotti.

2. Árborg, félag smábátaeigenda á Suðurlandi beinir því til aðalfundar LS að lögum um línuívilnun verði breytt á þann veg að allir línubátar sem stunda dagróðra eigi rétt á línuívilnun óháð því hvernig línan er beitt. Línuívilnun komi aðeins á fyrstu 4.000 þorskígildin í hverjum róðri, þannig sé stuðlað að hófsamari sókn og bættri meðferð afla.

3. Árborg, félag smábátaeigenda á Suðurlandi leggur til að fyrstu 100 tonnin verði frí sérstöku veiðigjaldi og hálft gjald á næstu 100 tonn.

4. Árborg, félag smábátaeigenda á Suðurlandi samþykkir tillögu stjórnar LS um að lækka ferða- og dvalarstyrki ásamt dagpeningum vegna aðalfunda LS um 50%.